

Bæjarráð Árborgar 14.október 2015.

„Bæjarráð Svf. Árborgar skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á tekjustofnum sveitarfélaga til að tryggja að þeir séu í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögunum eru falin og þeim ber að uppfylla samkvæmt lögum.“

Greinargerð:

Í stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2014-2018 segir: „Sveitarfélögum skulu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskrá og lögum. Þeir skulu vera nægjanlega fjölbættir og sveigjanlegir í eðli sínu svo þeir geti staðið undir þeirri fjölbreyttu þjónustu sem íbúar þeirra kalla eftir.“

Eins og staðan er í dag er ljóst að tekjustofnar sveitarfélaga standa ekki undir þessum markmiðum. Einnig er ljóst að ef ekkert verður að gert, mun rekstrarkostnaður sveitarfélaga hækka mun meira en tekjur þeirra á næstu mánuðum. Ef engin breyting verður gerð munu sveitarfélög illa geta staðið undir hlutverki sínu og skyldum á næstu mánuðum og árum.

Helgi Sig. Haraldsson bæjarfulltrúi B-lista.